



## Viðmiðunarreglur um endurmenntun eða framhaldsnám bæjarstarfsmanns

**Bæjarstjórn vill með reglum þessum stuðla að möguleikum fyrir starfsmenn til að viðhalda og auka við menntun sína og þekkingu í samræmi við starfsmannastefnu Akraneskaupstaðar og gildandi kjarasamninga bæjarins.**

### **Samkvæmt beiðni stofnunar eða yfirmanns**

Sé nám samþykkt samkvæmt beiðni stofnunar eða yfirmanns skal starfsmaður halda óskertum launum og viðkomandi stofnun greiða þann kostnað sem fellur til vegna námsins, nánari útfærslu kostnaðar verði samkvæmt samkomulagi viðkomandi starfsmanns og yfirmanns stofnunar.

### **Samkvæmt ósk starfsmanns – Leyfi til endurmenntunar**

(Hér er miðað við lengra nám. Námskeið og styttra nám fær umfjöllun skv. skilgreiningu starfskjara- og fræðslunefndar á fræðslubörf starfsmanna bæjarins).

Miðað skal við að starfsmaður hafi verið í starfi hjá Akraneskaupstað í a.m.k. 5 ár og að námið hafi augljóslega hagnýtt gildi fyrir viðkomandi starfsmann.

Leyfi til endurmenntunar er veitt sem launað leyfi og skal starfsmaður halda óskertum launum sínum. Hámarkslengd leyfis er eitt ár, en starfsmenn geta einnig sótt um leyfi til skemmri tíma. Að öðru jöfnu myndar tíu ára starfsaldur hjá Akraneskaupstað eða stofnunum hans rétt til að sækja um árs leyfi til náms.

Akraneskaupstaður og stofnanir hans greiða ekki ferða- og námskostnað innanlands í þeim tilfellum sem námsleyfi er veitt, en heimilt er þó að greiða fargjald og ferðakostnað vegna náms erlendis.

Í umsóknum sem senda skal bæjarráði til umfjöllunar, komi fram nákvæmar upplýsingar um fyrirhugað nám og námstíma, umsögn næsta yfirmanns og aðrar upplýsingar ef þurfa þykir.

### **Nám samhliða starfi**

Starfsmaður getur sótt um heimild til að sækja nám samhliða starfi sínu án launaskerðinga, enda talið að námið hafi óveruleg áhrif á starf viðkomandi og að ekki þurfi að koma til afleysingar vegna námsins. Starfsmaður greiðir sjálfur kostnað vegna námsins m.a. með framlagi úr starfsmenntunarsjóði síns stéttarfélags

**Þannig samþykkt á fundi bæjarráðs Akraness 5. febrúar 2004  
og staðfest á fundi bæjarstjórnar Akraness 10. febrúar 2004.**

Akranesi, 10. febrúar 2004

Gísli Gíslason, bæjarstjóri